

Bæjarstjórn - 1929

## FUNDARBOÐ

**1929. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 10.  
apríl 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar**

Breytingar í ráðum og nefndum:

Breyting á aðalmanni í Innkauparáði:

Aðalmaður sem fer út:

Gunnar Þór Sigurjónsson

Í staðinn kemur

Tryggvi Harðarson

Drekavöllum 18

Breyting á varamanni í Fjölskylduráði

Varamaður sem fer út:

Gunnar Þór Sigurjónsson

Í staðinn kemur:

Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson

Kirkjuvegi 11B

**2. 2210006 - Akstursþjónusta eldri borgara**

6.liður úr fundargerð fjölskyldurráðs frá 19.mars sl.

Lögð fram umsögn öldungaráðs um nýjar reglur um akstursþjónustu eldri borgara.

Reglur um akstursþjónustu eldra fólks lagðar fram til afgreiðslu.

Lagt fram.

Fjölskylduráð þakkar öldungaráði fyrir umsögnina.

Fjölskylduráð samþykkir nýjar reglur um akstursþjónustu eldri borgara fyrir sitt leyti og vísar til bæjarstjórnar til frekari samþykkis.

Fjölskylduráð þakkar jafnframt Öldungarráði fyrir tillöguna og eftirfylgnina í málinu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna afgreiðslu nýrra reglna um akstursþjónustu eldri borgara sem felur í sér fjölgun ferða úr 8 í 16 en fjölgun ferða hefur einmitt verið til umræðu í fjölskylduráði í langan tíma. Öldungaráð hefur lengi barist fyrir fjölgun ferða í akstursþjónustu eldri borgara og færa þjónustuna nær því sem gerist í nágrannasveitarfélögum. Í maí 2023 lá fyrir kostnaðargreining vegna fjölgunar ferða úr 8 í 16 og var fjölgunin samþykkt í fjárhagsáætlun fyrir 2024. Nú eru tæplega þrjú mánuðir liðnir af árinu án þess að fjölgun ferða, þrátt fyrir samþykkt í fjárhagsáætlun, sé komin til framkvæmda. Rétt hefði verið að byrja með fjölgun ferða strax í upphafi árs.

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks bóka.

Meirihluti fjölskylduráðs ítrekar að unnið hefur verið eftir verklagi með fjölgun ferða í akstursþjónustu á árinu 2024 með hliðsjón að samþykkt um málið við fjárhagsáætlun.

**3. 2401837 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað**

2.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 20.mars sl.  
Tekið fyrir að nýju.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagða Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfirði og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**4. 2212155 - Heimgreiðslur**

10.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 20. mars sl.  
Lögð fram drög að breytingum á reglum um heimgreiðslu.

Fræðsluráð samþykkir breytingu á reglum um heimgreiðslur og vísar til frekari afgreiðslu í bæjarstjórn.

**5. 2312146 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting vegna borteiga**

2. liður úr fundargerð Skipulagsráðgjafar mæta til fundarins og kynna stöðu skipulagsáætlana.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna borteiga verði auglýst.  
- og byggingaráðs frá 21. mars sl.

**6. 2201385 - Gráhelluhraun, nýtt deiliskipulag**

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21. mars sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun ásamt breytingum á skipulagsmörkum við Kaldárselsveg og hestamannafélagsins Sörla. Tillagan leggur áherslu á að bæta aðgengi að skóginum í Gráhelluhrauni. Göngu- og reiðleiðir verða aðgreindar með góðum tengingum við umhverfið í kring. Gert

verður ráð fyrir bílastæðum út frá Kaldárselsvegi til norðurs og einnig við aðkomu að athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla til suðurs. Samhliða eru gerðar breytingar á skipulagsmörkum aðliggjandi svæða þannig að umrædd bílastæði verða innan deiliskipulagsmarka Gráhelluhrauns. Tillagan var til kynningar með athugasemdafresti til 14.3.2024. Athugasemdir bárust. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir nýtt deiliskipulag Gráhelluhrauns með áorðnum breytingum og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**7. 2312274 - Kaldárselsvegur, breyting á deiliskipulagi**

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21. mars sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. janúar 2024 að auglýsa breytingu á skipulagsmörkum við Kaldárselsveg samhliða breytingu á deiliskipulagi hestamannafélagsins Sörla og nýju deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun. Tillagan var til kynningar með athugasemdafresti til 14.3.2024. Athugasemd barst. Umsögn vegna framkominnar athugasemdar lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytt deiliskipulag Kaldárselsvegar vegna skipulagsmarka og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**8. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027**

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. mars sl.

Lagðir fram viðaukar 3 og 4. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagða viðauka og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.

**9. 2403016 - Hryggjarás 18, umsókn um lóð**

12. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. mars sl.

Árni Freyr Ársælsson og Birta Mjöll Klemensdóttir sækja um lóðina Hryggjarás 18.

Samþykkt samhljóða og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**10. 2403275 - Hryggjarás 26, umsókn um lóð**

13. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21. mars sl.

Lögð fram umsókn Hilmars Gunnarssonar og Ólafar Guðmundsdóttur um lóðina nr. 26 við Hryggjarás og til vara lóðina nr. 24 við Hryggjarás.

Samþykkt samhljóða og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**11. 2306006 - Verktakasamningar um ráðgjafastörf**

Fulltrúar Samfylkingarinnar fara fram á umræðu um þá verktakasamninga um ráðgjafastörf sem gerðir hafa verið á yfirstandandi kjörtímabili hjá bæjarfélaginu.

## Fundargerðir

### 12. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 21.mars sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 21. mars sl.

a.Fundargerð hafnarstjórnar frá 6.mars sl.

b.Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 13. mars sl.

c.Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 4. mars sl.

e. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 6. og 8. mars sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 20.mars sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 19.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 20. mars sl.

a. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 6. og 8.mars sl.

b. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 20. febrúar sl.

Forsetanefnd frá 8. apríl sl.

08.04.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri